

## Fréttatilkynning



### **„Meir'en að segja það“ málþing um móðurmál á Íslandi**

Málþing um móðurmál minnihlutahópa á Íslandi „Meir'en að segja það“ verður haldið í Gerðubergi þann 9. nóvember kl. 13:00 – 17:00.

Á þinginu verða fjölbreytt sjónarmið hlutaðeigenda móðumálsmenntunar til umfjöllunar af hálfu menntamálayfirvalda, kennara og foreldra tví- og fjöltyngdra barna. Þá munu börn og ungmenni með annað móðurmál en íslensku þ.m.t. táknmál fjalla um sína reynslu og skoðun. Í lok þingsins gefst þátttakendum tækifæri til að kynnst lifandi tungumálum. Boðið verður upp á táknmálstúlkun á þinginu.

Málþingið er skipulagt í tengslum við Hringþing um menntun innflytjenda sem haldið var af Innflytjendaráði o.fl. í september sl. Tilgangur málþingsins er að varpa ljósi á stöðu móðurmálsmenntunar á Íslandi og huga að næstu skrefum í móðurmálsmenntun tví- og fjöltyngdra barna sem er eftirsóknarvert fyrir samfélagið í heild.

„Meir'en að segja það“ er haldið á vegum Rannsóknastofu Háskóla Íslands í fjölmenningsfræðum, í samvinnu við Samtökin Móðurmál, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Tungumálatorg og Menningarmiðstöðin Gerðuberg.

Málþingið er öllum opið og þátttökugjald er 1.000kr. Skráning fer fram á síðunni <http://tungumalatorg.is/modurmal>